

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga.

1. gr.

Hámarksfjárhæð, sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutning skv. 1. mgr. stafliðs i, í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 54/1982, er kr. 700.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. mars. 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

21. febrúar 1983

Nr. 95

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar er hér með sett eftirgreind regla um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað:

Einstefnuakstur er um Túngötu með akstursstefnu frá Múlavegi að Suðurgötu.

Regla þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, 21. febrúar 1983.

Sigurður Helgason.

28. febrúar 1983

Nr. 96

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979, sbr. reglugerð nr. 164 15. apríl 1982.

Liður 9. 2. 5. orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessum kafla miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1982, en breytast síðan eftir henni. Ber í því efni að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1979 öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.